

Bodbenist

FAX 563 0520

Dreifing

Alþingi

25



ára

Frindi nr. Þ 119/100
komudagur 9/16 1995

STOFNSETT 1969

EFNAHAGS OG VIÐSKIPTANEFND ALÞINGIS,
B/T HR. FORMANNS VILHJÁLMS EGILSSONAR,

"FRUMVARP TIL TOLLALAGA" (VEGNA AÐILDAR AÐ WTO/GATT)

UNDIRRITAÐUR VILL KOMA Á FRAMFÆRI VIÐ NEFNDINA MÓTMÆLUM VIÐ GJALDAÞÁTT HINS NÝJA FRUMVARPS SEM GERIR RÁÐ FYRIR GJALDTÖKU Á ANNARS FRJÁLSRI VÖRU Í INNFLUTNINGI OG SEM VERIÐ HEFUR Á 0% GJÓLDUM UM MARGRA ÁRA SKEIÐ.

VEGNA ÞESS SKAMMA TÍMA SEM HEFUR GEFIST TIL ÞESS AÐ SKOÐA FRUMVARPIÐ VERÐUR EKKI KOMIÐ VIÐ AÐ GEFA TÆMANDI ALIT Á FRUMVARPINU EN VALIN SÚ LEIÐ AD BENDA Á ÞAÐ SEM AUGLJÓST ER OG E.T.V. MIKILVÆGAST.

VARÐANDI KJÓTVÖRUR Í KAFLA 16, TNR. 1602-0010 TIL 1602 - 9030 ER UM AÐ RÆÐA VÖRU SEM FRJÁLS INNFLUTNINGUR HEFUR RÍKT Á FRÁ 23 NÓV. 1993 VEGNA BREYTINGA Á SKIPAN GJALDEYRISMÁLA, SEM KOMU Í STAÐ ELDRJ LAGA FRÁ 1960. STJÓRNVÖLD HAFÁ BEITT VALDNÝÐSLU TIL ÞESS AD KOMA Í VEG FYRIR INNFLUTNING OG MÁ Í ÞVÍ SAMBANDI BENDA Á DÓM HESTARÉTTAR UM INNFLUTNINGSFRELSI Á ÞESSUM VÖRUM. VARÐANDI TOLLAÍGHLDI SEM FRAM KOMA Í FRUMVARPINU ÞÁ ER EKKI HEIMILT SKV. GATT AÐ ENDURVEKJA INNFLUTNINGSTAKMARKANIR SEM HAFÁ VERIÐ FEILÐAR NIÐUR.

SVO VIRÐIST SEM GJALDTAKA SKV. FRUMVARPINU SÉ FYRIRHUGUÐ AÐ MINNSTA KOSTI 50% HLÆRRI EN GERT ER RÁÐ FYRIR Í TILBODI ÍSLANDS*, TILBOÐIÐ ER ÞÓ BYGGT Á HÆPNUM GRUNNI ÞEGAR MIÐAÐ ER VIÐ HEIMSMARKAÐSVERÐ SEM ER HREINN TILBÚNINGUR. VARÐANDI HEILDSÖLUVERÐ Á ÍSLANDI MÁ BENDA Á AÐ EKKI ER UM AÐ RÆÐA EIGINLEGT HEILDSÖLUVERÐ HELDUR AUGLÝST VERÐ SAMTAKA FRAMLEIÐFENDA SEM EKKI BÚA VIÐ EÐLILEGT AÐHJALD OG SAMKPPNI. SMÁSÖLUVERÐ Í VERSIUNUM ER AÐ JAFNAÐI LÆGRA EN NEMUR MAGNTOLLI/KÍ.ÓGJALDI. ÞESSUM FYRIRHUGUÐU AÐFLUTNINGSGJÓLDUM ER ÞVÍ MÓTMÆLT HARÐLEGA.

Í ÖÐRU LAGI MÁ BENDA Á AÐ VÖRUR Í KAFLA 19 BERA ÓEÐLILEG GJÓLD. MÁ ÞAR BENDA Á Fyllta og soðna pöstu nr. 1902-2022 KR.99.00 KÍLÓGJALD EN ÞESSI VARA HEFUR VERIÐ Á 0% GJALDI Í MÖRG UNDAFARIN ÁR AD UNDANSKILDU HÆPNU JÖFNUNARGJALDI Í ÞVÍ SAMBANDI MÁ SPYRJA, HVAD ER VERIÐ AÐ JAFNA.

EINNIG ER MÓTMÆLT SVOKÖLIUÐUM HÁMARKSTOLLUM, SBR. 84 KAFLA OG VÍÐAR EN ÞAR HAFÁ FLESTAR VÖRUR VERIÐ Á 0% TOLLI EÐA 5% TIL 10% MÆST S.L. 5 ÁR. Á SÖMU FORSENDU OG AÐ FRAMAN GREINIR AÐ EKKI MEGI ENDURVEKJA INNFLUTNINGSTAKMARKANIR SEM HAFÁ VERIÐ FEILÐAR NIÐUR.

UNDIRRITAÐUR HEFUR NOKKUR UNDAFARIN ÁR SETT VERULEGAR UPPHÆÐIR Í RANNSÓKNAR OG ÞRÓUNARKOSTNAÐI OG EINNIG FJÁRFEST TIL NÝRRAR FRAMTÍÐAR Í ATVINNUHÚSNÆÐI SEM SNÍÐA ÁTTI AÐ NÝJUM MÖGULEIKUM Í MATVÆLAÐNAÐI, VERÐI ÞETTA FRUMVARP SAMÞYKKT ÓBREYTT ER FYRIRSJÁANLEGT AÐ ÞÆR FJÁRFESTINGAR NÝTAST EKKI SVO SEM TIL VAR ÆTLAST. ÞESSUM ATRÍÐUM TELUR UNDIRRITAÐUR RÉTT AÐ KOMA Á FRAMFÆRI VIÐ HÁTTVIRTA EFNAHAGS OG VIÐSKIPTANEFND.

MEÐ VINSEMD OG VIRÐINGU,

DREIFING H7F,

HAUKUR HJALTASON.

*SJÁ TOLLFL.1602-3101 OG BERIÐ SAMAN VIÐ TILBOÐNÚVERANDI GJÓLD 0%